

REGLUGERÐ UM BIKARKEPPNI FÉLAGA:

1. grein

Bikarkeppni félaga er haldin með úrsláttarfyrirkomulagi. Í hvert lið þarf minnst tvo karla og eina konu.

2. grein

Áður en dregið er í fyrstu umferð keppinnar skulu félög sem senda fleiri en eitt lið í keppnina, tilkynna mótanefnd nöfn þeirra leikmanna sem skipa lið félagsins.

3. grein

Fyrirkomulag keppinnar verði:

Einliðaleikur karla A:X

Einliðaleikur karla B:Y

Einliðaleikur kvenna

Tvíliðaleikur karla

Tvenndarleikur

Einliðaleikur karla A:Y

Einliðaleikur karla B:X

Það lið sigrar sem fyrr hlýtur 4 vinninga.

4. grein

Leikmaður getur að eins leikið með einu liði í bikarkeppninni á hverju keppnistímabili.

5. grein

Bikarar og verðlaunapeningar fara eftir ákvörðun mótanefndar.

6. grein

Öll lið skulu dregin úr einum potti og skal dregið fyrir hverja umferð keppinnar. Dregið skal þannig að sem flest lið fari áfram úr fyrstu umferð, svo ekkert lið þurfi að sitja hjá nema í fyrstu umferðinni

8. febrúar 2024